

Nd. 413. Tillaga til þingsályktunar [161. mál]

um skipun rannsóknarnefndar samkv. 39. gr. stjórnarskrárinnar til rannsóknar á okri.

Flm.: Einar Olgeirsson, Lúðvík Jósefsson, Gunnar M. Magnúss.

Deildin ályktar að skipa fimm manna nefnd innandeildarmanna samkv. 39. gr. stjórnarskrárinnar til þess að rannsaka, að hve miklu leyti og með hvaða móti okur á fé viðgengst nú, fyrst og fremst í Reykjavík. Nefndin skal hafa það vald, sem heimilað er í 39. gr. stjórnarskrárinnar, til þess að heimta skýrslur af embættismönnum og öðrum.

Nefndin skal að rannsókn lokinni gefa deildinni ýtarlega skýrslu um störf sín og niðurstöður.

Greinargerð.

Það er á almannavitorði, að slíkt okur er nú með fé, að teknir eru raunverulega 5—6% mánaðarvextir, eða 60—72% ársvextir, með því að kaupa víxla og önnur verðbréf með miklum afföllum eða ná slíkum gróða á fé með öðru móti. Aðferðirnar, sem notaðar eru, munu ef til vill ekki varða við lög beinlínis, en brjóta hins vegar gegn anda laga um okur og gegn velsæmi í viðskiptum.

Það er nauðsyn, að á Alþingi séu þessi mál krufin til mergjar og athugað síðan, hvort finna megi aðferðir til þess að koma í veg fyrir, að almenningur og atvinnurekstur landsmanna sé féflettur með því móti, sem nú á sér stað. Til þess að slíkt sé hægt, þarf ýtarleg rannsókn á þessu fyrirbrigði að fara fram, eins og hér er lagt til.